

GJALDSKRÁ

Geislavarna ríkisins fyrir árið 2005.

1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislatækjum og geislavirkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir :

1. <i>Röntgentæki:</i>	kr.
a) Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka	37.100
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	12.400
b) Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging	46.300
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	15.500
c) Tölvusneiðmyndataeki	61.800
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	37.100
d) Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka	30.900
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	9.300
e) Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging	37.100
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	12.400
f) Tannröntgentæki	18.500
fyrir hvert tæki til viðbótar	7.700
g) Iðnaðarröntgentæki	30.900
fyrir hvert tæki til viðbótar	15.500
h) Dýralækningaröntgentæki	30.900
fyrir hvert tæki til viðbótar	9.300
i) Öryggisröntgentæki	21.600
fyrir hvert tæki til viðbótar	9.300
j) Röntgentæki til efnarannsóknna og öryggisgæslu	18.500
fyrir hvert tæki til viðbótar	6.200
2. <i>Geislalækningatæki:</i>	43.300
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	12.400
3. <i>Geislavirk efni, opnar geislalindir:</i>	
Rannsóknastofa í flokki A	49.400
Rannsóknastofa í flokki B	37.100
Rannsóknastofa í flokki C	24.700
4. <i>Geislavirk efni, lokaðar geislalindir:</i>	
Nifteindalindir	30.900
fyrir hverja nifteindalind til viðbótar hjá sama aðila	12.400
aðrar lokaðar geislalindir	24.700
fyrir hverja eins lind til viðbótar:	
4 eða færri til viðbótar á sama stað	7.700
fyrir hverja lind umfram 5 á sama stað	6.200
5. <i>Eftirlit með geislaálagi starfsfólks:</i>	
Filmumælingar, fyrir hverja filmu.....	510

2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna mats á umsóknnum um leyfi í samræmi við 7., 9. og 20. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

1. <i>Vegna röntgentækja til sjúkdómsgreiningar:</i>	kr.
a. Leyfi vegna nýrra tækja	7.700
b. Leyfi vegna breytinga á eldri búnaði	6.200

2.	<i>Vegna iðnaðar-, öryggis- og efnarannsóknatækja:</i>	kr.
	Leyfi vegna nýrra tækja og vegna breytinga	6.200
3.	<i>Vegna lokaðra geislalinda:</i>	
a.	Nifteindalindir	9.300
b.	Aðrar geislalindir	7.700
4.	<i>Vegna opinna geislalinda:</i>	
a.	Ný starfsemi	
i	Flokkur A	12.400
ii	Flokkur B	9.300
iii	Flokkur C	6.200
b.	Árleg endurnýjun:	
i	Flokkur A	6.700
ii	Flokkur B	6.200
iii	Flokkur C	4.600

3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu eftirlits- og leyfisgjalda. Eftirlitsgjöld önnur en vegna eftirlits með geislaálagi starfsfólks falla í gjalddaga 15. dag næsta mánaðar eftir útgáfu eftirlitsskýrslu. Leyfisgjöld falla í gjalddaga 15. dag næsta mánaðar eftir útgáfu leyfis.

Eftirlitsgjöld vegna eftirlits með geislaálagi starfsfólks á árinu 2004 falla í gjalddaga 1. maí 2005.

4. gr.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða. Þurfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit vegna athugasemda sem gerðar voru við reglubundið eftirlit skal greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 6.180 kr./klst. fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 15.300. Fyrir hverja yfirlýsingu um geislavirkni sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.600.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 19. gr. laga nr. 44/2002 um Geislavarnir ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 2005 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. maí 2005.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.